

Sp.

69. Tillaga til þingsályktunar

[65. mál]

um tunniverksmiðju á Austurlandi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson,
Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að reisa og reka tunniverksmiðju á Austurlandi samkvæmt heimild í lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunniverksmiðjur ríkisins.

Greinargerð.

Tunniverksmiðjur ríkisins hafa allmörg ár rekið tvær verksmiðjur, aðra á Siglufirði, hina á Akureyri. Framleiðsla þeirra hefur einkum verið notuð til sildarsöltunar á Norður- og Austurlandi, og hefur hún komið að góðum notum.

Allmikið hefur þó vantað á, að með tunnusmiði innanlands sé fullnægt þörf á tunnum undir saltsild. Og því gjöfylli sem sildarmiðin eru og meira er saltað af sild, þeim mun meira hefur orðið að flytja til landsins af tunnum.

Í lögum er svo fyrir mælt, að stefnt skuli að því, að allar tunnur, sem sildarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunniverksmiðjum ríkisins.

Samkvæmt lögum er Tunniverksmiðjum ríkisins einnig ætlað það verkefni að smíða tunnur vegna fleiri framleiðslugreina en sildarsöltunar, eftir því sem henta þykir.

Enn vantar því mikið á, að Tunniverksmiðjur ríkisins hafi svo vítt starfssvið sem þörf er á og leysi til fulls þau verkefni, sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.

Í 5. gr. laga nr. 49 1957, um Tunniverksmiðjur ríkisins, segir svo: „Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunniverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr. (þ. e. á Siglufirði og Akureyri), og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja þriðju verksmiðjuna á Austur- eða Norðausturlandi.“

Hér er lagt til, að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að nota þessa lagaheimild og láta reisa tunniverksmiðju á Austurlandi, svo og að hún verði rekin af Tunniverksmiðjum ríkisins.

Að undanfögnu hefur verið mjög mikil sildveiði á miðunum úti fyrir Austurlandi. Hagkvæmast er að sigla með þennan mikla sildarafla á Austfjarðahafnir og hagnýta hann þar í útflutningsvörur, enda hafa sildarsöltunarstöðvar á Austfjörðum verið endurbættar og þeim fjölgað.

Þar sem engin tunniverksmiðja hefur enn verið reist á Austurlandi, verður að flytja þangað frá Norðurlandi eða frá útlöndum allar tunnur, sem þörf er á vegna sildarsöltunar.

Þetta er kostnaðarsamt og óhagkvæmt, og á þessu þarf að verða sú breyting, að á Austurlandi verði eftirleiðis framleiddar árlega svo margar tunnur, að það fullnægi að mestu eða öllu leyti eftirspurn eftir þeim í þessum landsfjórðungi.

Rekstur tunniverksmiðju á Austfjörðum yrði jafnframt ný iðngrein þar til eflingar atvinnulífínu í fjórðungnum.